

Dagskrá vetrarins 2016-2017

Opið hús verður haldið 2 laugardag í mánuði kl. 10:00-12:00

Staðsetning verður auglýst með tilkynningu í tölvupósti til félaga og í Brýninu.

3. desember 2016 – opið hús

14. janúar 2017 – opið hús, nánar auglýst síðar


11. febrúar 2017 – aðalfundur FÁT, nánar auglýst síðar

11. mars 2017 – opið hús, nánar auglýst síðar

8-9. apríl 2107 – vorsýning FÁT

Opið hús – laugardaginn 4. desember

Opið hús verður haldið laugardaginn 3. desember kl. 10:00-12:00 að Dalvegi 16c í Kópavogi. Bjarni Þór Kristjánsson verður með kynningu/fræðslu um brýnslu útskurðarjárna og verkfæra. Vonumst við til að sjá sem allra flesta.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Heimasíða: treskurdur.muna.is
Ritstjórn er stjórn félagsins

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
1. tbl. 21. árgangur 2016

Frá formanni

Fjúkandi lauf, fallegir litir, hvít Esja, umhleyppingar já haustið er víst komið með öllu sem því fylgir. Kæru tréskerar kominn tími til að taka fram járnin, ydda blýantana og byrja að færa nýjar hugmyndir í timbur. Vona að allir hafi átt gott sumar enda lék veðrið við okkur. Árið sem líður gekk vel, afmælisýning, opin hús o.fl. Ný stjórn er tekin við og skiptir með sér verkum. Í stjórn eru. Víðir Árnason formaður, Jón Adolf Steinólfsson varaformaður, Karen Huld Gunnarsdóttir gjaldkeri, Donald Ingólfsson ritari, Stefán Haukur Erlingsson mðestjórnandi. Varamenn í stjórn eru Auður Þorgeirsdóttir og Júlíus Ágúst Guðmundsson. Skoðunarmenn eru Friðgeir Guðmundsson og Sigurður Petersen. Afmælisýning var haldin í ráðhúsi Reykjavíkur. Fjöldi fólks kom á sýninguna en nú eru 20 ár liðin frá stofnun Félags áhugamanna um tréskurð og fögnum við þeim tímamótum. Opnu húsin verða á sýnum stað og dagskrá tengd þeim auglýst hverju sinni, vorsýningin okkar verður að sjálfsögðu á sýnum stað. Svo væri gaman að sjá sem flesta á opnum húsum enda tækifæri til að hittast, ræða málin, koma hugmyndum á framfæri og auðga andann alltaf einhver fróðleikur og hugmyndir sem allir geta nýtt sér. Teiknum, skerum, gefum hugmyndarfluginu lausan tauminn og umfram allt verum jákvæð og sjáumst á opnu húsi.

Víðir Árnason, formaður




Viðartegundir

Við höldum umfjöllun okkar um viðartegundir áfram þó við höfum nær eingöngu haldið okkur við viðartegundir eins og Linditré maghony ofl þá er fjöldinn allur af viðartegundum sem eru mjög skemmtilegar og alls ekki erfiðar viðureignar, sjálfur vel ég það sem mér finnst fallegt og verð ég að viðurkenna að Linditré verður oftast fyrir valinu. Ég ætla að fjalla um viðartegundir sem við þekkjum en veljum yfirleitt ekki en geta verið mjög skemmtilegar og vel þess virði að prufa.

Fura er viður sem fáir nota en má ekki vanmeta því hún er skemmtilegur viður. Furan á það til að taka hratt bit úr járnum. Ég reyni að velja spýtur þar sem stutt er á milli æða þær hafa reynst betur og ekki skemmir lyktin þegar maður byrjar að skera í furu einnig er hægt að fá kjarnafuru sem er skemmtileg.

Hnota er mín uppáhalds viðartegund, hún getur bæði verið jafn mjúk og mahoný og jafn hörð og ebony eða rósaviður. Hægt er að fá hnotu sem mjög gott er að skera út í um að gera taka með sér járn og prufa viðinn þegar við erum að velja okkur spýtu, liturinn á hnotu er það sem heillar mig mest, Harðari hnota úr rót er ótrúlega falleg ef menn eru að fást við rennismíði, þetta er viður sem er vel þess virði að prufa, litirnir eru hreinlega töfrandi.

Eik er ekki vinsælasti viðurinn sem við skerum út í en eins og oft áður er fjöldinn allur af tegundum til og sumar mjög skemmtilegar, eikin er vinsæll viður í tréskurði og húsgagnasmíði en mikið af gömlum antik húsgögnum eru úr eik og oft mikið skreytt með tréskurði. Ég hef gert við mikið af húsgögnum úr eik og hún er alls ekki slæm að eiga við en misjöfn og ráðlegg ég fólki aftur að taka með sér járn og prufa þegar við veljum okkur spýtu. Æðarnar eru grófar og eikin er yfirleitt auðþekkjanleg vegna þeirra. Endileg verum dugleg að prufa eithvað nýtt því það kemur skemmtilega á óvart hversu mikið er til af viðartegundum sem henta vel til tréskurðar.



Ráðstefna um loftslagsrannsóknir í Reykjavík

Fyrir stuttu var haldin ráðstefna í Hörpunni, Artic cyrlice þar sem fleiri þúsund manns komu saman og ræddu hin ýmsu málefni tengt hlýnun jarðar o.fl. Nokkrum listamönnum var boðið að sýna verk sín meðan ráðstefnan stóð yfir. Stefáni Hauki Erlingssyni og Jóhanni Vilhjálmssyni, byssu- og hnífasmíð, var boðið að sýna verk sín, en ásamt þeim voru listamenn frá Rússlandi og Síberíu með útskurð úr mammúttönnum sem enn koma undan ísnum í Síberíu. Höggmyndir úr steini og handunnin hljóðfæri var meðal þess sem fólk gat skoðað. Ég vil hvetja fólki til þess að fara á þennan viðburðef hann verður haldin aftur hér á landi.

Bókakynning

Mig langar að kynna bók sem hefur fylgt mér í gegnum tíðina og hefur reynst mér afar vel, sem fróðleikur og hugmyndabanki. **MANUAL OF TRADITIONAL WOODCARVING**, í henni eru 1146 teikningar og myndir eftir Paul N. Hasluck. Eins og ég nefndi er þessi bók hafsjór af fróðleik og hugmyndum, farið er yfir hönnun, tækni og hvernig má færa hugmyndir yfir í viðinn. Mismunandi tréskurðarstílar, myndir, húsgögn, þrívídd, viðarfræðsla, svo sem hvaða viðartegundir eru bestar svo eitthvað sé nefnt. Góðar lýsingar eru í bókinni og verkefni sem henta byrjendum sem lengra komnum. Þessi *tréskurðarbíblía* er frábær félagi og alltaf gaman að skoða. Ef þið sjáið þessa bók endilega takið eintak hún hefur verið til Handverkshúsinu.



Skurðlistarskóli Hannesar Flosasonar enn í fullu fjöri

„Við fjölskyldan erum mjög glöð að hafa getað haldið áfram með skurðlistaskólann hans pabba“ segir Ingibjörg Hannesdóttir tréskurðarkennari, þegar hún var sótt heim af Brýninu, en frá því Hannes Flosason hætti kennslu við skólann hafa tvö af börnum hans, Ingibjörg og Páll kennt námskeiðin eftir hugmyndafræði Hannesar og því kerfi sem hann lét eftir sig. Hannes lést árið 2010. „Við Páll fórum í gegnum kennarabjálfun hjá föður okkar og fyrstu árin sem við kenndum höfðum við hann alltaf til að ráðgast við um stóra og smáa hluti varðandi kennsluna og þá vinnu sem er kringum það að halda slík námskeið. Pabbi var náttúrulega professional tréskeri, með meistarbréf í iðninni eins og hún var kennd um miðja síðustu öld í lðnskólanum. Hann lærði hjá nemanda Ríkharðar Jónssonar og upplifði það að vinna um skeið á tréskurðarverkstæði. Nú má segja að tréskurður sé frekar listið, líkt og keramikvinnsla“. segir Ingibjörg. Ingibjörg hefur síðustu ár haldið úti námskeiði einu sinni í viku, en stefnir á að námskeiðin verði tvisvar sinnum í viku eftir áramót. „Páll er frá góðu gamni eins og er en kemur vonandi aftur inn með námskeið á næstu árum aftur“ segir Ingibjörg. „Við höldum námskeiðin meðfram annarri vinnu, eins og pabbi gerði að vísu líka, svo það ræðst svolítið af vinnuálagi á hverjum tíma hvort okkar er í brúnni“.




Einstaklingsmiðað kennslukerfi í 7 stigum

Að sögn Ingibjargar er kennt eftir 7 stiga einstaklingsmiðuðu kennslukerfi, þar sem hvert stig inniheldur ákveðin skylduverkefni sem þjálfar nemendur í mismunandi grunnfærni tréskurðar. Stigin eru þannig byggð upp að þau smáþyngjast – auðveld verkefni í byrjun eins og eðlilegt er. Það er komið inn nýju þekkingaratriði á hverju nýju stigi, þar sem áherslan er á að læra skrautverkið fremur en framleiðslu eða hlutasmið.

6 skylduverkefni eru í hverju stigi, en eftir hvert stig öðlast nemendur ákveðna tegund færni sem getur nýst þeim í hliðarverkefnum af sama þyngdarstigi. Um 300 teikningar eru til í skólanum eftir Hannes og fjöldinn allur af útskrnum verkum, mun fleiri en þau skylduverkefni sem þarf að klára til að fá „diplómu“, en nemendur fá viðurkenningarskjal eftir hvert stig – útskrifast úr því stigi eftir skylduverkefnin 6. Hvert námskeið er 8 vikur að lengd, en langflestir notfæra sér það að þeir sem þegar eru á námskeiðum hafa forgang á næsta og þannig er mjög auðvelt að stunda tréskurðinn sem heildstætt nám og skemmtilegt tómstundagaman. Námskeiðin fylgja skólaárinu þ.a. þau byrja í september og klárast á vorin í enda maí.

Góður andi á námskeiðunum

Kerfið virkar þannig að nemendur á ólíkum þyngdarstigum geta unnið hlið við hlið, sem einmitt gerir námið svo skemmtilegt, því félagslegi hlutinn er ekki síður mikilvægur. „Það er merkilegt hvað það safnast gott fólk saman á tréskurðarnámskeiðunum okkar“ segir Ingibjörg. „Ég man bara ekki eftir því að það hafi ekki alltaf verið léttur og góður andi og góð vinátta sem myndast í hópunum“. Það verður nú að teljast ansi gott þar sem yfir annað þúsund nemendur á öllum aldri, jafnt konur sem karlmenn, hafa stundað tréskurðarnám í skólanum frá stofnun hans (1972) og meðaltalsviðvera nemenda hefur verið u.þ.b. 5 ár. „Við erum stolt af því að geta boðið slíka gæðakennslu með svo einstaklingsmiðuðum hætti og kannski ekki skrítið að hafa heyrt því oft fleygt í gríni að Skurðlistarskóli Hannesar Flosasonar sé einskonar háskóli tréskurðar hér á landi. Enda hafa nemendur héðan jafnvel fengið námið metið til eininga í listaháskólum erlendis“



Ekki oft laus pláss – ný námskeið að hefjast

Nú fer vorönn skólans senn að byrja og vegna þess að verið er að bjóða upp á fleiri námskeið í viku en verið hefur hefur myndast svigrúm til að taka inn nýja nemendur. Námskeiðin eru 8 vikur, þrjá klst. í senn, á mánudögum og miðvikudögum. „Það er best að hringja bara beint í mig í síma 698-1998 til að skrá sig og svo hefur verið vinsælt að kaupa gjafabréf fyrir jólin og gefa námskeið í jólagjöf“ segir Ingibjörg. „Það er ekki oft sem losna pláss á námskeiðunum og við höfum oft haft biðlista, svo það er um að gera að hafa samband sem fyrst eða láta þá vita sem hefðu áhuga á að stunda nám í þessum sögufræga skóla meðan tækifæri gefst“ bætir Ingibjörg við hlæjandi. Við vonum að skólinn lifi áfram góðu lífi, eins og minningin um Hannes Flosason, sem sannarlega lagði sitt af mörkum við að forða þessari dýrmætu þekkingu á tréskurði frá glötun hér á landi, með námskeiðum sínum í Skurðlistarskóla Hannesar Flosasonar.



Hvar er hægt að læra útskurð í tré?

Tækniskólinn/Skóli atvinnulífsins stendur fyrir fjölmörgum námskeiðum þar á meðal útskurði í tré. Nánari upplýsingar er að fá á netfanginu: tskoli@tskoli.is Námskeiðið hentar byrjendum sem og lengra komnum því þátttakendum er mætt þar sem þeir eru staddir í útskurði. Kennnd eru grunnatriði við útskurð í tré, beiting útskurðarjárna og viðhald bits í þeim. Kynnt eru efni og áhöld og farið í mikilvægi teikninga og kennt hvernig færa á mynstur af teikningu yfir á tré. Byrjendur fá æfingastykki (bakka), önnur verkefni eru stigþyngjandi. Þeir sem eru lengra komnir geta haft með sér efni sem þeir eru eða ætla að vinna með. Einnig er gott að hafa með sér útskurðarjárn ef maður á þau. Kennarinn, Anna Lilja Jónsdóttir, meistari í myndskurði, gefur líka afar gagnlegar upplýsingar um notkun járnanna og hvaða járn er heppilegt að eiga. Námskeið stendur nú yfir og lýkur laugardaginn 26.11. n.k. Vorannarnámskeið verður haldið á næsta ári, 18. febrúar – 11. marz 2017. Kennslan fer fram í Tækniskólanum á Skólavörðuholti og er á laugardögum frá kl. 9-13.

